

4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A	100%
Í I. flokki B	90%
Í II. flokki A	70%
Í II. flokki B	60%
Í III. flokki A	50%
Í III. flokki B	40%

5. gr.

Samkv. ákvæðum fjárlaga 1966, sbr. 12. gr. VI, er styrkupp hæðin kr. 9 600 000.00, og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

5. gr.

I. flokkur B	kr. 47.00
II. flokkur A	— 37.00
II. flokkur B	— 31.00
III. flokkur A	— 26.00
III. flokkur B	— 21.00

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1965 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 50 10. júlí 1964, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 105 12. október 1936, um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.

1. grein.

Við reglugerðina bætist ný grein, er verði 6. grein, svo hljóðandi:

„Ákvæði reglugerðar þessarar ná einnig til skotvopna útbúinna fyrir þjappað loft eða gashylki (loftbyssur)“

Greinatala í reglugerðinni breytist samkvæmt þessu, þannig að 6., 7., 8. og 9. grein verði 7., 8., 9. og 10. grein.

2. grein.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.